

HJÁLPARSTARE KIRKJUNNAR



Margt smátt... fréttablað, 2. tbl. 2021



EKKERT BARN ÚTUNDAN!

Við sendum þér 2.600 króna valgreiðslu
í heimabankann svo þú getir hjálpað.

Í LÍFSINS ÓLGUSJÓ

Við hér hjá Hjálparstarfi kirkjunnar hittum á degi hverjum fólkið sem býr við einna mestu fátæktina á Íslandi. Fólkið sem hingað leitar eftir aðstoð kemur vegna þess að tekjurnar – hvaðan svo sem þær koma – duga ekki til framfærslu. Oft er það vegna þess að kostnaður við að hafa þak yfir höfuðið sligar fjárhag heimilisins en öruggt húsaskjól er ein af grunnþurfum okkar.

Síðasta eina og hálf árið hefur reynt á útsjónarsemi félagsráðgjafa Hjálparstarfsins sem taka á móti fólkinu. Eftir því sem kórónuveirusmitum fjölgaði og atvinnuleysi mældist meira í heimsfaraldri fjölgaði þeim sem til okkar leita um allt að 58% miðað við sömu tímabil árið á undan. Á sama tíma voru í gildi samkomutakmarkanir sem torvelduðu öll samskipti. Þá var brugðið á það ráð að bjóða fólki að sækja um aðstoð á heimasíðu Hjálparstarfsins og símleiðis ásamt því sem ráðgjafarnir tóku á móti fólki utan hefðbundins viðtalstíma.

Við erum heppin hér á Íslandi að stjórnvöld hafa treyst færustu sérfræðingum til að leiðbeina okkur í viðbrögðum við faraldrinum. Við megum líka vera

þakklát fyrir að atvinnuleysi fer nú minnkandi. Þannig voru 12,8% án atvinnu í janúar á þessu ári en í júlí mældist atvinnuleysi 6,1%.

Fólkið sem leitar til okkar núna er hins vegar enn án atvinnu. Það er líka fólkið sem hefur búið við örorku í lengri tíma og fólkið sem er á svo lágum launum á vinnumarkaði að þau duga ekki til framfærslu fólks á leigumarkaði.

Við hjá Hjálparstarfi kirkjunnar finnum að fólk vill hjálpa og við erum afar þakklát fyrir traust og stuðning Hjálparliða sem styrkja starfið með mánaðarlegu framlagi, stjórnvalda sem veita styrki til starfsins og alls almennings sem svarar kalli þegar við biðjum um stuðning við átaksverkefni eins og nú þegar við aðstoðum barnafjölskyldur sérstaklega í upphafi skólaárs.

Með kærum þökkum fyrir stuðninginn og bestu kveðju,

Bjarni Gíslason,
framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar



Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar




Hjálparstarf kirkjunnar actalliance

Framkvæmdastjóri:
Bjarni Gíslason
Margt smátt ...,
fréttablað,
2. tölublað 2021,
33. árgangur
Ritstjóri:
Kristín Ólafsdóttir

Forsíðumynd:
Rakel Ósk Sigurðardóttir fyrir Hjálparstarf kirkjunnar
Aðrar myndir:
Hjálparstarf kirkjunnar og samstarfsaðilar
Umbrot:
Pipar \TBWA

ÞÖKKUM STUÐNINGINN



EKKERT BARN ÚTUNDAN!



Mjóll Þórarinsdóttir og fleiri sjálfboðaliðar hafa mörg undanfarin ár aðstoðað félagsráðgjafa Hjálparstarfs kirkjunnar í upphafi skólaárs þegar foreldrar grunnskólabarna hafa komið eftir skólatöskum, nestisboxum og drykkjarbrúsum ásamt ritföngum sem börnin nota heima við eftir skóla.

Börn sem búa við fátækt eru útsett fyrir félagslegri einangrun.

Félagsleg einangrun veldur börnum sársauka og getur haft langvarandi félagslegar og heilsufarslegar afleiðingar.

Á hverju hausti aðstoðar Hjálparstarf kirkjunnar barnafjölskyldur sem búa við kröpp kjör sérstaklega til þess að koma í veg fyrir félagslega einangrun barnanna.

Foreldrar fá aðstoð svo börnin geti stundað íþróttir og tómstundastarf með jafnöldrum sínum – óháð efnahag.

Barnafjölskyldur sem búa við fátækt njóta stuðnings Hjálparstarfs kirkjunnar í upphafi skólaárs.

Ekkert barn á að verða útundan sökum efnaleysis!

Við leitum nú til þín um stuðning við starfið!



Þú getur hjálpað með því að ...

gerast Hjálparliði á www.hjalparstarfkirkjunnar.is

greiða valgreiðslu í heimabanka, 2.600 kr.

hringja í söfnunarsíma 907 2002 og greiða 2.500 kr.

leggja framlag inn á styrktarreikning 0334-26-50886, kt. 450670 0499



1970 • 2020

Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance

með þinni hjálp!

Í sumar veitti Hjálparstarf kirkjunnar barnafjölskyldum sem búa við kröpp kjör stuðning svo þær gætu farið í sumarfrí innanlands. Þannig fengu fjölskyldurnar tækifæri til að njóta samverunnar og skapa góðar minningar. Boðið var upp á skipulagðar ferðir í samvinnu við Hjálpræðisherinn auk þess sem Hjálparstarfið aðstoðaði fjölskyldur með því að greiða fyrir gistingu, leigja bíl, kaupa bensínkort, matarkort og afþreyingu.

„FÁTÆKTIN FER EKKI Í SUMARFRÍ“

Í júní síðastliðnum hringdi maður einn til okkar og vildi leggja starfinu lið með þeim orðum að fátæktin færi ekki í sumarfrí. Fólk sem leitar hingað til Hjálparstarfs kirkjunnar eftir aðstoð hefur líka sagt okkur að inneignarkort fyrir matvöru sem það fær hér geri gæfumuninn þegar langt er liðið á mánuðinn.

Þegar fólk hefur lítið á milli handanna fara tekjurnar fyrst og fremst í að greiða fyrir húsnæði og að tryggja að matur sé á borðum fyrir börnin. Margar af þeim barnafjölskyldum sem til okkar leita hafa ekki efni á því að fara í sumarfrí og geta því ekki safnað dýrmætum minningum sem börn vilja gjarnan deila með bekkjarfélögum að hausti.

Í fyrrasumar þegar landsmenn fengu ferðagjöf frá stjórnvöldum til að ferðast innanlands ákvað Hjálparstarfið að aðstoða barnafjölskyldur sem búa við kröpp kjör við að komast í sumarfrí að eigin vali. Verkefnið heppnaðist afar vel en alls fór þá 21 fjölskylda, foreldrar og samtals 45 börn, í sumarfrí innanlands með aðstoð Hjálpar-

starfsins. Við ákváðum því að endurtaka verkefnið í sumar og nú hafa 33 fjölskyldur, foreldrar og samtals 77 börn, fengið stuðning við að komast í frí að eigin vali hér innanlands í sumar. Fjölskyldurnar fóru vítt um landið, í hvalaskoðun, á hestbak og gerðu ýmislegt sem þær hefðu ekki getað leyft sér án stuðnings.

Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi, sem stýrir verkefninu segir að í því felist mikil valdefling. „Það er alveg frábært fyrir börnin að upplifa jákvæða orku með mömmu og pabba og kynast sjálfum sér og fjölskyldunni betur í nýjum aðstæðum. Það er valdeflandi að upplifa að fjölskyldan getur gert ýmislegt saman. Það er líka mjög valdeflandi fyrir börnin að geta tekið þátt í umræðum með skólasytkinum í upphafi skólaársins um ævintýri sumarsins en þegar fólk býr við fátækt er því einmitt hættara við félagslegri útilokun.“

Félags- og barnamálaráðuneytið veitti fjögurra milljóna króna stuðning við verkefnið en styrkurinn er hluti af aðgerðapakka ríkis-

stjórnarinnar sem ætlað er að veita mótvægi vegna þeirra áhrifa sem Covid-19 faraldurinn hefur haft á afkomu efnaminni heimila í land-

inu. Hjálparstarfið þakkar félags- og barnamálaráðuneytinu kærlega fyrir dýrmætum stuðning við starfið.



Í júní síðastliðnum afhenti Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra Hjálparstarfinu fjórar milljónir króna til verkefnisins. Með honum á myndinni er Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri og Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar.



SKIPULAGT SUMARFRÍ FYRIR BARNAFJÖLSKYLDUR Á VEGUM HJÁLPARSTARFS KIRKJUNNAR OG HJÁLPRÆÐISHERSINS Í SUMAR:

Auk þess að aðstoða fjölskyldur við að fara í sumarfrí á eigin vegum skipulögðu Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn hópferðir fyrir barnafjölskyldur í sumar.

Fjölskyldur með börn á aldrinum 3–12 ára fóru í dagsferð í dýragarðinn Slakka en hann nýtur mikilla vinsælda meðal barna. Fjölskyldurnar fóru í minigolf, skoðuðu dýrin og börnin gáfu geitunum mjólk. Á heimleið úr Slakka var komið við í skrudgarðinum í Hveragerði þar sem er fallegur gróður og leiksvæði og loks var farið á hverasvæðið þar sem fjölskyldurnar suðu sér egg og fengu hverabakað rúgbrauð.

Fjölskyldur með börn á aldrinum 10–18 ára fóru í hópferð til Vestmannaeyja þar sem gist var yfir nótt. Á meðal þess sem boðið var upp á var að fara í siglingu í kringum Heimaey og í heimsókn í gosminjasafnið Eldheima þar sem unglingarnir fengu fróðleik um eldgosid í Vestmannaeyjum árið 1973 í máli og myndum. Þá var boðið upp á sundferð og rúnt um eyjuna fyrir heimferð.

Alls fóru 46 fjölskyldur, foreldrar og 105 börn, í skipulagt sumarfrí á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins og voru þátttakendur hestánægðir með fríið.





Í júní síðastliðnum færðu Sigrún Þorgeirsdóttir formaður stjórnar Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur (til hægri) og Ásta Snorráðóttir verkefnastjóri klúbbsins (til vinstri) Hjálparstarfi kirkjunnar 1.172 þúsund króna styrk til verkefnisins sem Júlía Margrét Rúnarsdóttir félagsráðgjafi (fyrir miðju) stýrir. Hjálparstarfið þakkar Soroptimistum í Reykjavík kærlega fyrir frábæran stuðning við starfið!

„Margar kvennanna lýstu því yfir í upphafi verkefnisins síðasta haust að þær vildu komast út úr félagslegri einangrun og verða virkari. Í vor sagði ein þeirra mér svo frá því að henni væri farið að líða miklu betur, hún hefði meira sjálfstraust og ætti auðveldara með að standa með sjálfri sér. Ekki nóg með það heldur sagði hún að barnið hennar hefði líka meira sjálfstraust en áður. Það er akkúrat eitt meginmarkmiða okkar að konurnar fái tækifæri til að eflast í foreldrahlutverkinu,“ segir Júlía Margrét Rúnarsdóttir félagsráðgjafi sem stýrir virkniverkefninu um árangur þess hingað til.

STATTU MEÐ SJÁLFRÍ ÞÉR

– virkni til farsældar

Stattu með sjálfri þér – virkni til farsældar er tveggja ára verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar með konum sem búa við örorku og eru með börn á framfæri. Fimmtán konur taka nú þátt í verkefninu sem hófst í september 2020 en þátttaka er konunum að kostnaðarlausu.

Í upphafi verkefnisins bauð félagsráðgjafi Hjálparstarfsins hverjum þátttakanda fyrir sig í viðtal þar sem konurnar settu sér markmið út frá áhugasviði og styrkleikum. Konurnar hafa svo mætt reglulega í einkaviðtöl þar sem félagsráðgjafinn hjálpar þeim við að koma auga á

lausnir á erfiðum úrlausnarefnum og í sameiningu er farið yfir hvernig miðar að settu marki.

Auk viðtalstíma hjá félagsráðgjafa hittast þátttakendur á fræðslufundum á fimmtudagsmorgnum en dagskrá fundanna er ákveðin í samráði við konurnar sjálfar. Meðal fyrirlesara í vetur sem leið voru Berglind Gunnarsdóttir sálfræðingur í Foreldrahusi sem fjallaði um sjálfstyrkingu í foreldrahlutverkinu, Bjarni Karlsson sem fjallaði um leiðir frá meðvirkni, Guðrún Bergmann sem fjallaði um sjálfsrækt,

heilbrigt mataræði, kærleika og sjálfsmyndina og Edda Björgvinsdóttir hélt erindi fyrir hópinn um húmor og aðra styrkleika. Á komandi haustönn hafa konurnar svo meðal annars óskað eftir fræðslu um hagsýna fjármálastjórnun heimilisins.

Hjálparstarf kirkjunnar nýtur ómetanlegs stuðnings félagsmálaráðuneytisins, VIRK – starfsendurhæfingarsjóðs, Lýðheilsusjóðs og Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur til að sinna starfinu.

Í maí síðastliðnum svöruðu 12 af 15 þátttakendum könnun um árangur verkefnisins hingað til. Tíu af tólf sögðust finna fyrir jákvæðum breytingum á sjálfstrausti og trú á eigin getu og á getu til að takast á við verkefni foreldrahlutverksins. Átta konur sögðust einnig finna fyrir jákvæðum breytingum á félagslegri virkni. Allar sögðust þær finna fyrir jákvæðum breytingum á líðan og getu til að takast á við dagleg verkefni.

SALT Í STAÐ SYKURS?

„Hér lærum við hver af annarri um ólíkar matarvenjur. Í sumar hef ég til dæmis lært af konunum frá Kúrdistan að dýfa rabarbara í salt og borða svo, og eins að setja hann ferskan út í salat og strá svo salti yfir. Kúrdísku konurnar eru ekki vanar því að sulta rabarbarann og vilja frekar nota dödlur eða stevia í sultuna í stað sykurs,“ segir Þóra Hinriksdóttir garðyrkjufraeðinemi og umsjónarkona verkefnis Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins sem ber heitið Ræktaðu garðinn þinn.

Ræktaðu garðinn þinn er heiti á hópstarfi á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins í Reykjavík sem stendur yfir sumar tímamann. Þátttakendurnir fá þá pláss í Seljagarði í Breiðholti til að rækta sitt eigið grænmeti en gildi verkefnisins felst ekki síst í útiveru, hreyfingu og gæðasamverustundum fjölskyldnanna sem í því taka þátt. Þóra Hinriksdóttir garðyrkjufraeðinemi leiðbeinir þátttakendum en í Seljagarði er frábær aðstaða og gott samfélag. Þar er hægt að rækta salat, kryddjurtir, kartöflur, gulrætur, rabarbara og fleira.

Þóra segir að nokkuð vel hafi gengið í sumar en garðurinn var stunginn upp í byrjun júní. „Þær eru þrjár konurnar sem hafa mætt nærri því daglega með börnin sín á þeim tíma sem ég er í garðinum en svo eru aðrar tvær sjálfstæðari með sína eigin reiti sem þær hafa byggt upp sjálfar, sáð og plantað. Þær koma gjarnan um helgar en þegar þær þurfa hjálp koma þær á þeim tíma sem ég er í garðinum, stundum með eldri börn sín sem



túlka. Aðrir þátttakendur hafa komið stopult,“ segir Þóra. Verkefnið er opið öllum sem leita til Hjálparstarfsins og Hjálpræðishersins en konurnar og börnin sem taka þátt í verkefninu í sumar koma frá Írak, Íran, Kólumbíu, Kúrdistan og Nígíeríu.

„Í júlí höfðum við eldhúsdag og þá mættu sex þátttakendur í eldhúsið í safnaðarheimili Grensáskirkju þar sem við elduðum saman úr uppskerunni. Það var mjög gaman að fá að kynna íslenskar matarhefðir fyrir konunum en ekki síður að kynnast mjög ólíkum matarhefðum eftir heimshlutum. Konurnar frá Nígíeríu voru mjög opnar fyrir íslenskum hefðum en hinar voru duglegar að kynna sínar venjur, það var mjög gaman,“ segir Þóra og bætir við að konurnar séu að uppskera jafnt og þétt af salati, selleríi, spínati og fleiru en að aðaluppskera verði um mánaðamótin ágúst-september. Verkefninu mun svo ljúka með þátttöku í markaðsdegi Seljagarðs í haust.



Rósa Björg Brynjarsdóttir er umsjónarkona Skjólísins.
Mynd: Bent Marinósson.

„ÞÚ ÞARF EKKI AÐ LÍTA ÚT EINS OG RÓNI ÞÓTT ÞÚ SÉRT HEIMILISLAUS“

„Ein þeirra sem kemur hingað reglulega sagði við mig um daginn að hún þyrfti nú ekkert að líta út eins og róni þótt hún væri heimilislaus. Ég var svo ánægð með hana af því að sjálfmyndin skiptir svo miklu máli,“ segir Rósa Björg Brynjarsdóttir, umsjónarkona Skjólísins sem hóf starfsemi sína um miðjan febrúar á þessu ári. Skjólíð er staðsett við hlið skrifstofu Hjálparstarfsins á neðri hæð Grensáskirkju og er opið frá klukkan 10 til 15 virka daga. Frá opnun þess hafa 40 konur sótt athvarfið í samtals 510 skipti en að meðaltali dvelja þar fimm konur yfir daginn. Konurnar, sem eru á aldrinum 20–60 ára, gista flestar í Konukoti eða eru í ótryggum aðstæðum.

Í Skjólínu fá konurnar hádegismat og síðdegishressingu, þær hafa aðgang að verðmætaskápum sem þær geta læst og þær geta farið í sturtu og þvegið af sér. Í alrými eru nettengdar tölvur, bækur og púsluspil og í tómsundaherbergi eru saumavélar, prjónar, allt sem til þarf í skartgripagerð og til að mála myndir. Sérstakt hvíldarherbergi er fyrir þær sem vilja leggja sig og viðtalsherbergi

er fyrir einkasamtöl kvennanna við ráðgjafa í Vettvangs- og ráðgjafateymi Reykjavíkurborgar, félagsráðgjafa frá þjónustumiðstöðvum borgarinnar og fleiri fagaðila.

„Við erum nú þegar í mjög góðri samvinnu við ýmsa aðila um þjónustu við konurnar á meðan þær eru hjá okkur. Hér hafa sumar þeirra til dæmis fundað með lögfræðingum, frú Ragnheiður hefur sinnt skjólstaðingum sínum hér og hjúkrunarfræðingur frá neyðarmóttöku kynferðisbrota hefur verið okkur starfskonum og konunum sem hingað leita mjög innan handar. Við höfum líka fengið til okkar hárgreiðslukonu sem hefur ekki bara klippt hárið á konunum heldur líka litað og plokkað augabrúnir.

Kórónuveirufaraldurinn hefur að vísu gert okkur erfitt fyrir og við höfum ekki getað fengið sjálfbodaliða hingað inn eins mikið og við hefðum kosið,“ segir Rósa Björg en þess má geta að hjúkrunarfræðingar mættu í Skjólíð í sumar og bólusettu konurnar sem það vildu gegn COVID-19.

„Ég er ótrúlega þakklát og kann að meta að þið vilduð spjalla við mig þrátt fyrir ástandið á mér, þessar stundir hjá ykkur eru mér óendanlega dýrmætar og þær hjálpuðu mér að komast til baka,“ sagði kona sem sótti Skjólíð um hríð en býr nú við betri aðstæður.

„Okkur dreymir um að bæta þjónustuna við konurnar sem hingað leita enn frekar. Flestar þeirra veigra sér til dæmis við að fara til læknis en þær verða veikar ekkert síður en aðrir, alveg óháð notkun vímuefna. Við myndum svo gjarnan vilja getað hringt í vakthafandi starfsfólk heilsugæslunnar sem myndi þá koma hingað til að sinna konunum. Við viljum í rauninni að Skjólíð verði miðstöð fyrir alla þá þjónustu sem konurnar þurfa yfir daginn,“ segir Rósa Björg Brynjarsdóttir, umsjónarkona Skjólísins – Opins húss á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir konur sem glíma við heimilisleysi, búa við óöruggar aðstæður eða eru nýkomnar í búsetuúrræði eftir heimilisleysi.



Auk Rósu Bjargar starfa í Skjólínu þrjár starfskonur í hlutastarfi. Með Rósu Björgu á myndinni er ein þeirra, Una Sigrún Ástvaldsdóttir.

„Ég er mjög þakklát fyrir að sífellt fleiri konur sem búa við heimilisleysi sækja Skjólíð og að allar þær sem hafa komið einu sinni hafa komið aftur – og margar mæta reglulega,“ segir Rósa Björg og bætir við að frá upphafi hafi starfskonurnar og þær konur sem sækja Skjólíð verið með margvíslegar hugmyndir um hvernig þær geti nýtt úrræðið sem best. „Okkur langar að vera með námskeið vikulega, til dæmis um fjármálalæsi og kynheilbrigði og svo dreymir okkur um að vera miðstöð fyrir alla þá þjónustu sem konurnar þurfa þar sem þær fara síður á þá opinberu staði þar sem aðstoðin er veitt.“ Rósa Björg segir að þrátt fyrir kórónuveirufaraldurinn lofi það starf sem hafið sé mjög góðu: „Góðir hlutir gerast hægt og haustinu fylgir mikil tilhlökkun.“



Í Skjólínu fá konurnar að borða og þær geta farið í sturtu og þvegið af sér. Þær geta lagt sig í hvíldarherbergi, farið á netið í sameiginlegu rými og prjónað og púslað í tómsundaherbergi.



Jónas Þórir Þórisson var mikill hugsjónamaður í hjálparstarfi. Hann hafði að leiðarljósi að allur stuðningur við samfélög væri hjálp til sjálfshjálpar þannig að utanaðkomandi aðstoð yrði að lokum óþörf. Á myndinni er Jónas á góðri stundu með samstarfsfólki í Eþíópíu árið 2011.

Jónas Þórir Þórisson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, lést á gjörgæsludeild Landspítalans þann 8. ágúst síðastliðinn, 77 ára að aldri. Jónas lætur eftir sig eiginkonu, Ingibjörgu Ingvarsdóttur, börn, barnabörn og barnabarnabörn. Stjórn og starfsfólk Hjálparstarfsins vottar fjölskyldu Jónasar sína dýpstu samúð. Góður maður er genginn.

Jónas gegndi starfi framkvæmdastjóra Hjálparstarfs kirkjunnar frá árinu 1990 til loka árs 2013 en á þeim tuttugu og þremur árum sem hann veitti stofnuninni forstöðu tóku bæði hún og allt umhverfi hennar miklum stakkaskiptum. Þeir starfsmenn voru á skrifstofunni til að byrja með en verkefnið erlendis voru á Indlandi og í Eþíópíu. Jónas hafði þó fljótt frumkvæði að verkefnum í Mósambík og Keníu og síðar fleiri samstarfslöndum ásamt því að veita frekari aðstoð vegna fátæktar hér á Íslandi og mannúðaraðstoð á vettvangi hamfara og átaka.

Í þróunarsamvinnu lagði Jónas höfuðáherslu á að tryggja fólki aðgengi að hreinu vatni og að fólk fengi fræðslu um mikilvægi hreinlætis. Öllu starfi vildi hann haga þannig að í því fælist hjálp til sjálfshjálpar, að gera fólk ekki háð aðstoð heldur að það tæki virkan þátt í verkefnum. „Við höfum viljað vinna með fólki en ekki fyrir það. Þess vegna höfum við ekki sent starfsfólk út til starfa nema til neyðaraðstoðar. Það er mun skynsamlegra að fólkið vinni vinnuna sjálft, það er ódýrara og þótt það taki lengri tíma þá verður til þekking sem verður eftir,“ sagði Jónas í viðtali við fréttablað Hjálparstarfs kirkjunnar, Margt smátt..., 1. tbl. 2014.

Jónas var heilsteyptur maður sem efldi tiltrú almennings í garð Hjálparstarfsins en það hefur gert stofnuninni kleift að starfa með og fyrir skjólstaðinga bæði hér heima og á erlendum vettvangi. Í viðtalinu árið 2014 sagði Jónas ekki sjálfgefið að hjálparstarf gengi vel en að stofnunin hefði verið heppin með samstarfsaðila og verkefnið hefðu skilað árangri.

„Mér finnst það vera forréttindi að sjá að þau hafi leitt til heilla fyrir skjólstaðinga okkar. Mikið og gott samstarf við stjórnvöld er annað atriði sem mér finnst þakkarvert. Þegar ég kom til starfa var ekkert samstarf í gangi en nú er samstarfið mjög gott og starfsfólk í utanríkisráðuneytinu býr yfir mikilli faglegri þekkingu. Faglegt samstarf milli hjálparstarfs og samvinna miklu meiri milli allra sem koma að hjálparstarfi og það er öllum til heilla. Stjórnvöld hafa fjármagnið og þekkingu á hærri stjórnstigum en frjálsu félagasamtökin búa yfir þekkingu á grasrótinni sem er mjög mikilvægt. Grasrótarsamtök eru mjög mikilvægir samstarfsaðilar fyrir stjórnvöld þegar samvirkni verður á milli þeirra. Þannig að ætli ég geti ekki dregið þetta saman með því að segja að það sem standi upp úr sé að við höfum færst frá samkeppni til faglegs samstarfs í hjálparstarfi bæði á Íslandi og á alþjóðavísu reyndar líka,“ sagði þessi mikli mannvinnur sem nú er fallinn frá.





Mæður og börn fá mataraðstoð hjá Hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins í Tigray.
Mynd: Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins í Eþíópíu.

Undanfarin tvö ár hafa reynst fólkinu í Eþíópíu erfið. Versti engisprettufaraldur í 25 ár eyðilagði uppskeru og jók á fæðuöryggi í landinu, verstu flóð í manna minnum fóru yfir hluta landsins í kjölfar þurrka og í apríl 2020 lýsti forsætisráðherra yfir neyðarástandi vegna kórónuveirufaraldursins. Samkvæmt upplýsingasíðu Sameinuðu þjóðanna hafa nú fleiri en 277 þúsund manns sýkst af COVID-19 og 4.349 látist í landinu af völdum veirunnar.

Átök milli stjórnarhers Eþíópíu og Frelshreyfingar Tigray í samnefndu fylki í norðanverðu landinu hafa stigmagnast síðan í nóvember á síðasta ári og óttast er að þúsundir hafi látið lífið en tugþúsundir íbúa hafa flúið yfir til nágrannaríkjanna Súdans og Sómalíu eða eru á vergangi innanlands. Neyðarástand ríkir í fylkinu þar sem hjálparamtök hafa gagnrýnt stríðandi fylkingar fyrir að torvelda hjálparstarf og átökin breiðast nú út til nágrannahéraða.

BRÝN ÞÖRF FYRIR AÐSTOÐ VEGNA ÁTAKA Í TIGRAY-FYLKI Í EÞÍÓPÍU

Hjálparstarf kirkjunnar sendi í lok mars rúmlega tuttugu og eina milljón króna til brýnnar mannúðaraðstoðar í Tigray-fylki en talið er að milljónir íbúa þurfi á mannúðaraðstoð að halda. Einnig hafa ásakanir um mannréttindabrot og brot á mannúðarlögum gerst háværi með degi hverjum. Stór hluti af framlagi Hjálparstarfsins er styrkur frá utanríkisráðuneytinu sem veitti 20 milljónum króna til aðstoðarinnar.

Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins (Lutheran World Federation / World Service) er framkvæmdaraðili á vettvangi og vinnur náið með stjórnvöldum og öðrum mannúðarsamtökum til að tryggja dreifingu hjálpargagna. Konur og börn yngri en fimm ára sem hafa flúið heimkynni eru í miklum meira hluta


þeirra sem nú hafast við í yfirfullum bráðabirgðabúðum og óttast hjálparamtök mikinn matarskort á svæðinu og þörfin fyrir aðstoð er brýn.

Hjálparstarfið á vettvangi snýst um að vernda líf og lífsafkomu fólks, bæta fæðuöryggi með því að útvega korn og verkfæri til landbúnaðar, úthluta búfé, tryggja fólki húsaskjól og veita beinan óskilyrtan fjárstuðning. Einnig er unnið að því að bæta aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu, tryggja fræðslu um smitvarnir gegn COVID-19 ásamt því að dreifa sóttvarnarbúnaði til einstaklinga, svo eitthvað sé nefnt. Kórónuveirufaraldurinn torveldar allt hjálparstarf en starfsfólk Lútherska heimssambandsins leggur ríka áherslu á að útvega fólkinu sóttvarnarbúnað og fræða um forvarnir.

ÞRÓUNARSAMVINNA HELDUR ÁFRAM Í SÓMALÍ-FYLKI

Eþíópía er ellefu sinnum stærra en Ísland að flatarmáli og í landinu búa yfir eitt hundrað milljónir íbúar í níu fylkjum sem hafa ákveðið sjálfstæði í sínum málum. Stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu er með sárafátæku fólki í Sómalí-fylki sem er í austanverðu landinu. Sómalí-fylki þekur 327 þúsund ferkílómetra og þar búa yfir 5 milljónir sjálfsþurftarbænda og hálfhirðingja. Tíðir þurrkar valda viðvarandi matarskort og vannæringu í fylkinu og fátæktin veldur því að grunnstoðir samfélagsins eru veikar.

Meginmarkmið verkefnisins eru að bæta aðgengi að drykkjarhæfu vatni og hreinlætisaðstöðu, að fólkið geti aukið fæðuöryggi sitt með umhverfisvernd og bættum aðferðum í landbúnaði og að styrkja stöðu kvenna, samfélaginu öllu til farsældar. Þegar árangur hefur náðst í einu héraði fylkisins færum við okkur um set og vinnum með fólki í nágrannahéruðum. Í upphafi árs 2021 og til ársloka 2024 áætla Hjálparstarfið að starfa með um 21 þúsund íbúum í Kebribayah-héraði með frábærum stuðningi frá stjórnvöldum og almenningi á Íslandi.



Í þau 14 ár sem verkefnið hefur varað hafa brunnar verið grafnir og þar sem það hefur ekki verið mögulegt hafa verið grafnar vatnspræir (birkur) fyrir regnvatn. Stiflur og veggir í árfarvegum hafa verið reistir til að halda regnvatni í farvegi og hefta eyðimerkurmyndun, nýjar og þurrkþolnari korntegundir hafa verið kynntar til sögunnar sem og skilvirkari ræktunaraðferðir og betri verkfæri. Dýraliðar hafa verið þjálfaðir til að meðhöndla dýrasjúkdóma og bólusetja búfé.



Konur hafa tekið þátt í sparnaðar- og lánahópum og fengið fræðslu um það hvernig best sé farið af stað með eigin rekstur. Eftir fræðslu og þjálfun hafa margar kvennanna hafið rekstur og reka litla búð, stunda geita- og hæmsnarækt og rækta grænmeti. Konur sem hafa tekið þátt í verkefninu tala um að þær hafi fjárráð og ákvörðunarvald en það var nær óþekkt að konur hefðu slíkt á verkefnasvæðunum áður en samvinnan hófst.



Alþjóðlegt Hjálparstarf kirkna, ACT Alliance, áætla að 6,1 milljón Sýrlendinga séu nú á vegangi og að 11 milljónir íbúa séu í brýnni þörf fyrir aðstoð.

Mynd: A. Hillert/WCC/ACT Alliance

KÓRÓNUVEIRUFARALDURINN EYKUR ENN Á NEYÐ SÝRLENDINGA SEM HAFNA BÚIÐ VIÐ STRÍÐSÁSTAND Í ÁRATUG

Í júlí síðastliðnum sendi Hjálparstarf kirkjunnar 10.643.000 króna fjárframlag til mannúðar- aðstoðar í Sýrlandi. Átök hafa geisad í landinu í rúman áratug en kórónuveirufaraldurinn hefur enn aukið á sára neyð fólksins þar.

Að mati Sameinuðu þjóðanna þurfa nú um ellefu milljónir íbúa á aðstoð að halda og rennur

fjárframlagið til verkefna Hjálparstarfs Lútherska heimssambandsins sem leggur áherslu á að vernda líf og heilsu íbúanna og að veita börnum jafnt sem fullorðnum sálfélagslegan stuðning. Áhersla er lögð á að hlúa að börnum, gamlimum og sjúklingum og að aðstoða fjölskyldur við að koma undir sig fótunum á ný.

Framlagið er að meðtöldum stuðningi utanríkisráðuneytisins sem veitti Hjálparstarfi kirkjunnar styrk að upphæð tíu milljónir króna til að sinna hjálparstarfi í Sýrlandi á líðandi ári. Frá árinu 2014 hefur Hjálparstarf kirkjunnar, með stuðningi ráðuneytisins, sent fjárframlag til mannúðar- aðstoðar við stríðshrjáða Sýrlendinga sem nemur 118 milljónum króna.

„VIÐ HÖFUM HALDIÐ ÁÆTLUN ÞRÁTT FYRIR ÁSKORANIR Í HEIMSFARALDRI“

Haq Makumbi Bugembe stýrir þróunarsamvinnuverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í sveitahéruðum í Rakai- og Lyantonde-umdæmum í Úganda en þar vinnur Hjálparstarf kirkjunnar með staðbundnu hjálparamtökunum RACOBASO að því að bæta lífskilyrði munaðarlausra barna og fólks með HIV/alnæmi sem búa

við örbirgð og eru útsett fyrir misnotkun og félagslegri útilokun. Markmiðið með starfinu er að veita þeim bjargráð svo þau geti aukið þolgæði sitt gagnvart sjúkdómnum og neikvæðum afleiðingum hans.



Haq Makumbi Bugembe með skjólstaðingi verkefnisins í Úganda.

Haq segir Covid-19 hafa haft neikvæð áhrif á fólk í Úganda eins og annars staðar en þar komu fyrstu tilfellin upp í mars 2020. „Aðeins 1,5% þjóðarinnar hefur verið bólusett en fleiri en 700 manns smitast daglega. Í lok júní höfðu 1995 dáið af völdum veirunnar og stjórnvöld hafa nú sett á strangar takmarkanir, meðal annars lokað skólum og vinnustöðum,“ segir Hag um ástandið í Úganda nú.

Hag segir takmarkanir undanfarinna mánaða hafa haft slæm áhrif á afkomu bænda sem lifa af sölu landbúnaðarafurða þar sem mörkuðum var lokað og bannað var að flytja fólk, dýr og afurðir milli svæða. Fátækt hafi aukist á verkefnasvæðinu vegna heimsfaraldursins sem og kynbundið ofbeldi og vanræksla barna.

„Við höfum verið heppin hér því að fólk í byggingargeiranum mátti vinna, við höfum því getað reist hús og kamra og við gátum fundað úti með skjólstaðingum okkar og staðaryfirvöldum. Okkur hefur því tekist að halda áætlun í verkefninu það sem af er þessu ári,“ segir Hag sem er uggandi um ástandið í landinu.

Á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 hafa hús með kamri og hreinlætisaðstöðu, 4.000 lítra vatnssöfnunartanki og eldaskála verið reist fyrir fjórar fjölskyldur í Rakai og Lyantonde. Fræðslufundir um hreinlæti og smitleiðir sjúkdóma hafa verið haldnir fyrir 30 þáttakendur, sparnaðar- og lánahópar hafa verið stofnaðir og fólk hefur fengið geitur, fræ, áburð og áhöld til að byrja ræktun grænmetis til þess að tryggja næga og næringarríka fæðu. Þá hafa sjálfboðaliðar fengið fræðslu um smitleiðir, varnir og meðhöndlun HIV/alnæmis og fræðslu um leiðir til að hindra útbreiðslu COVID-19 í samvinnu við staðaryfirvöld.



BÖRN Í FERMINGARFRÆÐSLU ÞJÓÐKIRKJUNNAR LEGGJA SITT AF MÖRKUM TIL HJÁLPARSTARFS

Í fermingarfræðslu þjóðkirkjunnar fá tilvonandi fermingarbörn meðal annars fræðslu um verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu. Í fræðslunni læra börnin um þær aðstæður sem fólkið á verkefnasvæðum glímir við og við ræðum saman um sameiginlega ábyrgð þjóða heims á því að allir jarðarbúar fái lífað mannsæmandi lífi.

Ef sóttvarnarreglur leyfa munu börnin svo fá tækifæri til að láta gott af sér leiða í byrjun nóvember og safna framlögum til verkefna sem kynnt hafa verið. Áður en þau ganga í hús með bauk Hjálparstarfs kirkjunnar í hönd fá börnin leiðbeiningar um

framkomu, öryggi og að gleyma ekki að vera vel klædd. Börnin fá endurskinsmerki merkt Hjálparstarfi kirkjunnar til að bera á meðan fjáröflun stendur og þeim er uppálagt að fara alltaf tvö eða þrjú saman þegar þau banka upp á hjá fólki í hverfinu sínu til að bjóða því að leggja starfinu lið. Bestu þakkir fyrir að taka börnunum vel!

Fræðslumyndband um verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar og fjáröflun fermingarbarna var á dagskrá RÚV þann 8. desember 2020 en þáttinn má nálgast hér:

<https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/hjalp-til-sjalfshjalpar/31139/98urph>



ANDLÁT

Starfsfólk og stjórn Hjálparstarfs kirkjunnar minnst með hlýhug og söknuði kærs samstarfsmanns, Atla Geirs Hafliðasonar, sem varð bráðkvaddur þann 27. júní síðastliðinn. Atli var fæddur þann 21. febrúar 1960 og lætur eftir sig tvö uppkomin börn, Sóleyju og Gunnar.

Atli hóf störf hjá Hjálparstarfi kirkjunnar árið 2007 og sinnti ýmsum verkefnum í innanlandsstarfi. Hann sá lengi um kertasölu, var bókari stofnunarinnar og bílstjóri ásamt því að hafa umsjón með störfum sjálfbóðaliða. Atli var óvenju greiðvikinn, hann hugsaði lausnamiðað og reyndist mikill þúsundþjalasmiður. Atli skilur eftir sig stórt skarð sem erfitt verður að fylla.

Við, samstarfsfólk hans og stjórn Hjálparstarfs kirkjunnar, vottum Sóleyju, Gunnari og öðrum aðstandendum okkar dýpstu samúð.

ÞÖKKUM STUÐNINGINN!

REYKJAVÍK

Alþjóðasetur ehf.
Apparat ehf.
Arctica Finance hf.
ARGOS ehf. Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arkitektastofan OG ehf.
Arkis arkitektar ehf.
Atli Hilmarsson ehf.
Auglýsingastofan ENNEMM Aurum
Áman ehf.
B&B gluggatjaldahreinsun ehf.
Berserkir ehf.
Betra líf ehf.
BG pípulagnir ehf.
Bifreiðaverkstæði Svans ehf.
Birtingur ehf.
Bílasalan Heimsbílar ehf.
Bílasmiðurinn hf.
Bjarnar ehf.
BK kjúklingar
Bláhornið
Blómabúiðin Hliðablóm
Bókhaldsstofan Stemma ehf.
Bónstöðin hjá Jobba ehf.
Braudhúsið ehf.
Brim hf.
Brúskur hársnyrtistofa
Brynja, Hússjóður Öryrkjabandalagsins
Bygg Ben ehf.
Cosmo ehf.
CU2 ehf.
Curvy.is - tiskuverslun
Dokkan, þekkingar- og tengslanet
Dýraspítalinn Viðidal ehf.
Edico ehf.
Eðalf lutningar ehf.
Eðalklæði ehf.
Eignamiðlun ehf.
Eignaumsjón hf.
Elding Trading Co. ehf.
Eyrir Invest hf.
Fagmálun - Litaval sf.
Fasteignasalan Miklaborg ehf.
Fella- og Hólasókn
Ferska ehf.
Félag skipstjórnarmanna
Fjóður ehf., þvottahús
Flúgger ehf.
Fótóval ehf.
Framvegis - miðstöð símenntunar
Garðs Apótek
Gatnaþjónustan ehf.
Ginger ehf.
Gjögur hf.
GKS - Gamla kompaníið
Glitur ehf.
Gnýr ehf.
Gróðrarstöðin Mörk
Guðlaugur A. Magnússon, skartgripaverslun
Gullnesti ehf.
Hagi ehf. - Hilti
Hagkaup
Hár Class hársnyrtistofa
Hármiðstöðin
Hekla hf.
Henson sports
Hið íslenska bókmenntafélag
Hjá Hrafnhildi
Hjúkrunarheimilið Skjól
Hljóðbók slf.
Hljómar ehf.
Hótel Leifur Eiríksson ehf.
Hrafnistuheimilin
Hreinsitækni ehf.
Hverafold bakarí
Hverfisgallerí
Höfðahöllin bílasala
Höfðakaffi ehf.
Island Apartments
Ísbúð Vesturbæjar ehf.
Íslenska útflutningsmiðstöð hf.
Íþróttasamband fatlaðra
Jarðtækni ehf.
JE Skjanni ehf. byggingaverktakar
JHM Sport ehf.
K. H. G. Þjónustan ehf.
K.F.O. ehf.
Kemi ehf.
Kjöreign ehf., fasteignasala
Klettur - sala og þjónusta ehf.
Klettur-Skipaafræiðsla ehf.
Knattspyrnufélagið Fram

Krumma ehf.
Kurt og Pí ehf.
Landsbréf hf.
Landsnet hf.
Landssamband lögreglumanna
Leir og postulín ehf.
Listvinahúsið, leirkerasmiði
LOGOS lögmannsþjónusta
Lyfjaver ehf.
Lýsi hf.
Löður ehf.
Merkistofan
Merlo Seafood
MIO MIO ehf.
Míla ehf.
MS Armann skipamiðlun ehf.
Multivac ehf.
Múrarameistarafélag Reykjavíkur
MyCar ehf.
Neshamar ehf.
Neyðarlínan hf.
Nýtt Skil slf.
Old Iceland restaurant
Oliudreifing ehf.
Orðabankinn sf.
Ó. Johnson & Kaaber ehf.
Ólafur Þorsteinsson ehf.
Óskaskrín ehf.
ÓV jarðvegur ehf.
Planet Payment Iceland ehf.
Plast - miðar og tæki ehf.
Plastiðjan ehf.
PR flutningar slf.
Premis ehf.
Promennt ehf.
Raflix ehf.
Rafstilling ehf.
Rafstjórn ehf.
Rafsvið sf.
Rannsókn- og háskólanet Íslands
Reiðhjólaverzlunin Berlín
Rima Apótek
Rolf Johansen & Co ehf.
Sameyki stéttarfélag í almannaðjónustu
Samiðn samband iðnfélaga
Sálarrannsóknarfélag Reykjavíkur
SHV pípulagningaþjónusta ehf.
Sifka ehf.
Síma- og tölvulagnir hf.
Skipaþjónusta Íslands ehf.
Skorri ehf.
Skóarinn í Kringlunni ehf.
Skýrslur og skil
SM kvótapiing ehf.
Snyrtistofa Grafarvogs ehf.
Sportis ehf.
Sprinkler pípulagnir ehf.
Stansverk ehf.
Stóra bílasalan ehf.
Styrja ehf.
Suzuki á Íslandi
Tannlæknastofa Sigurðar Benediktssonar
Tark - Arkitektar
Terra Export ehf.
THG Arkitektar ehf.
Tónastöðin ehf.
Trackwell hf.
Trésmiðja Magnúsar F. Jónssonar ehf.
Trivium ráðgjöf ehf.
Túnþökupjónustan ehf.
Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins
Tösku- og hanskabúðin ehf.
Umslag ehf.
Úðafoss ehf., efnalaug
Útfararstofa Svafars og Hermanns ehf.
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.
VA arkitektar ehf.
Varmi ehf.
VDO ehf.
Veitingahúsið Nings
Verkfærasalan ehf.
Verkhönnun ehf.
Verslunin Álfheimar
Vesturröst - Sérverslun veiðimanna
Vélsmiðja Einarus Guðbrandssonar sf.
Vilhjálmsson sf., heildverslun
Vinnufatabúðin
Vínnes ehf.
VOOT Beita

Vörubílastöðin Próttur hf.
Vörukaup ehf., heildverslun
XCO ehf.
Þorsteinn Bergmann ehf.
Þór hf.

SELTJARNARNES

Borgarblöð ehf.
Nesskip hf.

KÓPAVOGUR

Bak Höfn ehf.
Bifreiðastillingin ehf.
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf.
Blikksmiðjan Vík ehf.
Brunahönnun slf.
Fasteignamiðstöðin ehf.
Fasteignasalan Bær
Fríkirkjan Kefas
GG Sport goddi.is
GSG ehf.
Hafið-fiskverslun ehf.
Hagblíkk ehf.
Hefilverk ehf.
Hegas ehf.
Hvammshólar ehf.
Iðnvélar ehf.
Ísfix ehf.
Íslenskt marfang ehf.
Karlína ehf.
Krafla ehf.
Kraftvélar ehf.
Landmótun sf.
Lindakirkja
Línan ehf.
LK pípulagnir ehf.
Lokasjóður ehf.
Lögmenn Kópavogi
Mannrækt og menntun ehf.
Pústverkstæði Hjá Einari
Rafspenna ehf.
Reiðhjólaverslunin Hjólið ehf.
Ræstítækni ehf.
Smáréttingar ehf.
Sport Company ehf.
Straumleiðir ehf.
Styrktar- og menningarsjóður Norvíkur
Suðurverk hf.
Sælgætisgerðin Freyja ehf.
Tekk og Habitat á Íslandi ehf.
Tækniþjónusta Ragnars G Gunnarssonar ehf.
Útfararstofa Íslands ehf.
Vatnsborun ehf.
Vetrarsól ehf., verslun
Zenus - sófar & gluggatjöld
ZsaZsa hárgreiðslustofa slf.

GARÐABÆR

Aflvélar ehf.
Apótek Garðabæjar
Engilbert ÓH Snorrason
Tannlæknastofa sf.
Geislataækni ehf. - Laser þjónustan
Hafnasandur hf
Hagráð ehf.
Ingi hóperðir ehf.
Kópavogspósturinn ehf.
Krókur
Loftorka Reykjavík ehf.
S.S. Gólf ehf.
Samhentir-Kassagerð hf.
Val - Ás ehf.

HAFNAREJÖRÐUR

Aflhlutir ehf.
Barak.is
Barkasuða Guðmundar ehf.
Boðunarkirkjan.is
Útvarp Boðun FM 105,5
Bortækni ehf.
Bókhaldsstofan ehf.
Eldvarnarþjónustan ehf.
Fjarðarmót ehf.
Gunnars mæjónes ehf.
Hagmálun slf.
Hagstál ehf.
Hallbertsson ehf.
Hlaðbær-Colas hf., malbikunarstöð
Ingvar og Kristján ehf.
Kjartan Guðjónsson, tannlæknir
Kona Tiskuverslun
Krossborg ehf.

Markus Lifenet, björgunarbúnaður
Mynstrun ehf.
Netorka hf.
Nonni Gull
S.G múrverk ehf.
SIGN ehf., skartgripaverkstæði
Skerpa renniverkstæði
Snittvélin ehf.
Stoðtækni ehf.
Strendingur ehf.
Sæli ehf.
ThorShip
Trefjar ehf.
Úthafsskip ehf.
Verkalýðsfélagið Hlíf
Vetis ehf.
Vélrás bifreiða- og vélaverkstæði
Viðir og Alda ehf.
Vir og lykktur ehf.
Þaktak ehf.

ÁLFTANES

Prentmiðlun ehf.

REYKJANESBÆR

Benni pípari ehf.
DMM Lausnir ehf.
Efnalaugin Vík ehf.
EÓ Raf ehf.
GeoSilica Iceland ehf.
H-nál saumastofa og verslun ehf.
Húsagerðin hf., trésmiðja
Kalka sorpeyðingarstöð sf.
Kast.is
M² Fasteignasala & Leigumiðlun
Maron ehf.
Málverk slf.
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Nesraf ehf.
Ny-sprautun ehf.
PÁ hreinsun ehf., hreingerningaþjónusta
Pulsuvagninn í Keflavík
Rafeindir og Tæki ehf.
Reykjanesbær
Rétt sprautun ehf.
Rörvirki sf., Lúðvik Gunnarsson
Skólar ehf.
Slæging ehf.
Toyota Reykjanesbæ
TSA ehf.
Ungó, söluturn
Vökvatengi ehf.

GRINDAVÍK

Grindavíkurbær
H.H. Smíði ehf.
Hópsnes ehf.
Lagnaþjónusta Þorsteins ehf.
Lionsklúbbur Grindavíkur
Þorbjörn hf.

SUÐURNESJABÆR

Bylgja Dröfn Jónsdóttir
E.M.S hf.
Hvalsneskirkja
Július Helgi Einarsson
Vélsmiðja Sandgerðis ehf.

MOSFELLSBÆR

Álgluggar JG ehf.
Borgarplast hf.
Bókhaldsþjónustan Rúnir ehf.
Dalsgarður ehf., gróðrarstöð
Dynkur ehf.
Ísfugl ehf.
Ístex hf.
Kvenfélag Kjósarhrepps
MIG Verk ehf.
Mosfellsbakarí
Útilegumaðurinn ehf.

AKRANES

Apótek Vesturlands ehf.
Gallery Snotra
Meitill - GT Tækni ehf.
Model ehf.
Smurstöð Akraness sf.
Tannlæknastofan
2 Gómar ehf.
Valfell fasteignasala
Ylur pípulagnir slf.

BORGARNES

Eðalfiskur ehf.
Solo hársnyrtistofa sf.
Sprautu- og bifreiðaverkstæði
Borgarness sf.
Velverk ehf.

STYKKISHÓLMUR

Eyja- og Miklaholtshreppur,
Snæfellsnesi
Útgerðarfélagið Engey ehf.
Þ.B. Borg trésmiðja ehf.

GRUNDAREJÖRÐUR

Þjónustustofan ehf.

ÓLAFSVÍK

Litlálón ehf.

HELLISSANDUR

Ingjaldshólssókn
KG Fiskverkun ehf.
Kristinn J. Friðþjófsen ehf.
Nónvarða ehf.
Skarðsvík ehf.
Útnes ehf.

BÚÐARDALUR

Rjómabúið Erpsstaðir ehf.

REYKHÓLAHREPPUR

Þörungaverksmiðjan hf.

ÍSAFJÖRÐUR

Ferðaþjónustan í Heydal
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
GG málningarþjónusta ehf.
Hamraborg ehf.
Massi þrif ehf.
Orkubú Vestfjarða ohf.
Samgöngufélagið
Tækniþjónusta Vestfjarða ehf.
Verkalýðsfélag Vestfirðinga

HNÍFSDALUR

Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf.

BOLUNGARVÍK

Arna ehf.
Bolungarvíkurkaupstaður
Endurskoðun Vestfjarða ehf.
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf.

PATREKSEJÖRÐUR

Ungmennafélag
Barðstrendinga
Verslunin - bakariíð Albina
Vesturbbyggð

BÍLDUDALUR

Hafkalk ehf.

STAÐUR

Kvenfélagið Iðunn

DRANGSNES

Rúna ehf.

HVAMMSTANGI

Kvenfélagið Iðja
Sláturhús KVH ehf.

BLÖNDUÓS

Blönduósbaer
Húnavatnshreppur
Léttitækni ehf.
Stéttarfélagið Samstaða
Sörlatunga ehf.

SKAGASTRÖND

Marska ehf.

SAUÐÁRKRÓKUR

Dögur ehf.
Efnalaug og þvottahús
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Iðnsveinafélag Skagafjarðar
Skagafjarðarveitur
Steinnull hf.
Verslunarmannafélag Skagafjarðar

VARMAHLÍÐ

Akrahreppur Skagafirði

HOFSÓS

Vesturfarasetrið Hofsósi

SIGLUFJÖRÐUR

Fjallabyggð

AKUREYRI

Akureyrarkirkja
ÁK smíði ehf.
Baugsbót ehf., bifreiðaverkstæði
Bílaleiga Akureyrar
Bútur ehf.
Enor ehf.
Fasteignasalan Byggð
Finnur ehf.
Gróðrarstöðin Sólskógar ehf.
Grófargil ehf.
Hnýfill ehf.
Íslensk verðbréf hf.
Ljósko ehf.
KG Sendibílar ehf.
Molta ehf.
Múriðn ehf.
Norlandair ehf.
Rafmenn ehf.
Raftákn ehf. - Verkfræðistofa
Rakara- og hárstofan Kaupangi
S.Guðmundsson ehf. múrverktaki
Samherji ehf.
Sella tannlæknar ehf.
Sjúkrahúsið á Akureyri
Skóhúsið - Bónusskór
Tannlæknastofa Hauks og Bessa
Veitingastaðurinn Krua Siam

GRENVÍK

Grytubakkahreppur

GRÍMSEY

Ragnhildur Hjaltadóttir

DALVÍK

Dalvíkurbyggð
Hibýlamálun, málningarþjónusta ehf.

HÚSAVÍK

Tjörneshreppur
Trésmiðjan Rein ehf.

LAUGAR

Gistiheimilið Stóru-Laugar

MÝVATN

Vogar ferðaþjónusta

KÓPASKER

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi
Kvenfélag Öxfirðinga

ÞÓRSHÖFN

Verkalýðsfélag Þórshafnar

BAKKAJÖRÐUR

K Valberg slf.

EGILSSTAÐIR

Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf.
Gistihúsið Lake - Hotel Egilsstaðir
HEF veitur ehf.
Hótel Eyvindará
Klassik ehf.
Klausturkaffi ehf.
MSV, Stál og Vélar ehf.
Múlaping

REYÐAREJÖRÐUR

Fjarðabyggð
Fjarðaveitingar ehf.

ESKIFJÖRÐUR

Egersund Ísland ehf.
Fjarðaþrif ehf.
R.H. gröfur ehf.
Tandrabretti ehf.

NESKAUPSTAÐUR

Verkmenntaskóli Austurlands

DJÚPAVOGUR

Berunes farfuglaheimili ehf.

HÖFN Í HORNAFIRÐI

Funi ehf, sorphreinsun
Höfn Inn Guesthouse

Klifá ehf, ferðaþjónustan Gerði ehf.
Króm og hvítt ehf.
Rósaberg ehf.
Sveitafélagið Hornafjörður
Þingvað ehf, byggingaverktakar
Prastarhóll ehf.

SELFÖSS

Ágúst Bogason ehf.
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf.
Búhnykkur sf.
Café Mika Reykholti
Eðalbyggingar ehf.
Framsóknarfélag Árnessýslu
Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi
Gróðrarstöðin Ártangi ehf.
Gróðrarstöðin Stord ehf.
Gullfosskaffi við Gullfoss
Hjá Maddý ehf.
Hraunborgir - Lava Village
Jáverk ehf.
K.Þ Verktakar ehf.
Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps
Kökugerð H P ehf.
Málarinn Selfossi ehf.
Mosey ehf.
Mömmumatur Selfossi
Pípulagnir Helga ehf.
Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann
Rafmagnsverkstæði Jens og Róberts ehf.
Reykhöll ehf.
Sjúkraþjálfun Selfoss ehf.
Stálkrókur ehf.
Svavar Sveinsson
Tré og straumar ehf.
Tæki og tól ehf.
Útfararþjónustan Fylgd ehf.
Vélaverkstæði Þóris ehf.

HVERAGERÐI

Flóra garðyrkjustöð
Heilsustofnun NLFÍ
Kotstrandarkirkja

ÖLFUS

Gljúfurbústaðir ehf.

STOKKSEYRI

Bjartás slf.

LAUGARVATN

Ásvélar ehf.

FLÚÐIR

Ásgerði II ehf.
B.R. Sverrisson ehf.
Hitaveita Flúða og nágrennis
Varmalækur ehf.

HELLA

Hestvit ehf.

HVOLSVÖLLUR

Kvenfélagið Freyja
Kvenfélagið Hallgerður
Rangarþing eystra

VÍK

Mýrdalshreppur

VESTMANNAEYJAR

Áhaldaleigan ehf.
Bergur-Huginn ehf.
Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar ehf.
Bókasafn Vestmannaeyja
Íþróttabandalag Vestmannaeyja
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf.
Vinnslustöðin hf.

GJÖF SEM HELDUR ÁFRAM AÐ GEFA!

Fólk sem gefur vinum og ættingjum gjafabréf Hjálparstarfs kirkjunnar gefur ekki aðeins fallett kort sem það getur skrifað á góða kveðju við ýmis tilefni heldur er gjafabréfið til vitnis um stuðning við verkefni Hjálparstarfsins sem gjöf handa móttakanda þess.

Á www.gjofsemgefur.is fást 26 mismunandi gjafabréf en þau eru táknræn og veita fræðslu um margvísleg verkefni Hjálparstarfsins. Andvirði þeirra rennur til aðstoðar við fólk sem býr við félagslega neyð hér heima á Íslandi og til verkefna á sviði mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu erlendis.

Í öllu starfi er það markmið Hjálparstarfsins að vinna með fólki sem býr við fátækt þannig að það komist á þann stað að geta hjálpað sér sjálft. Okkar hugmyndum og lausnum er ekki þröngvað upp á fólk og öll þjónusta er veitt án tillits til trúar, þjóðernis, litarháttar, kyns eða skoðana þeirra sem aðstoð þurfa.



SMELLTU HÉR
fyrir frekari upplýsingar



Hjálparstarf
kirkjunnar
actalliance